

Nd.

775. Frumvarp til laga

[456. mál]

um Byggðastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Byggðastofnun er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

2. gr.

Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu.

3. gr.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.

4. gr.

Stjórn Byggðastofnunar skal skipuð sjö mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til funda. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Forsætisráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar.

5. gr.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að ráða forstjóra.
2. Að ákveða starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, þar á meðal hverjar byggðaáætlanir skuli gerðar á vegum hennar. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu eftir því sem þurfa þykir.
4. Að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn.
5. Að fjalla um allar byggðaáætlanir sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar eða lagðar eru fyrir stjórnina til samþykktar, sbr. 9. gr. laga þessara.
6. Að fjalla um skýrslur stofnunarinnar um starfsemi hennar.
7. Að taka ákvarðanir um lántöku, sbr. 16. gr. laga þessara.
8. Að setja reglur um lánakjör stofnunarinnar.
9. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og óafturkræf framlög samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Stjórn Bygðastofnunar ræður forstjóra til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Ráðning forstjóra miðast við sex mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

7. gr.

Verkefni forstjóra Bygðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag stofnunarinnar.
3. Að gera tillögur til stjórnar um áætlanagerð á vegum stofnunarinnar.
4. Að gera tillögur um afgreiðslu á byggðaáætlunum sem lagðar eru fyrir stjórn stofnunarinnar, sbr. 9. gr. laga þessara.
5. Að gera tillögur um veitingu einstakra lána og ábyrgða, svo og óafturkræf framlög stofnunarinnar.
6. Að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar. Stjórn stofnunarinnar skal staðfesta ráðningu helstu starfsmanna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

II. KAFLI

Starfsemi.

8. gr.

Bygðastofnun fylgist með byggðaþróun og fjallar um áhrif opinberra aðgerða á hana. Getur hún gert tillögur til úrbóta ef þörf þykir.

Stofnunin skal afla upplýsinga, er hún þarf á að halda vegna starfsemi sinnar, í samráði við Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands og aðra aðila sem hliðstæðum upplýsingum safna.

9. gr.

Stjórn Bygðastofnunar fjallar um byggðaáætlanir sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar. Stjórnin getur jafnframt fjallað um byggðaáætlanir sem aðrir aðilar, svo sem sveitarstjórnir eða landshlutasamtök, hafa gert og lagt fyrir hana til samþykktar. Heimilt er stjórninni að ákveða að stofnunin skuli taka þátt í kostnaði við slíka áætlanagerð.

Byggðaáætlanir, sem stjórnin hefur samþykkt, skulu sendar forsætisráðherra og gerir hann ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir þeim.

Bygðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra byggðaáætlana sem samþykktar hafa verið af stjórn stofnunarinnar. Áætlanir til lengri tíma en eins árs, sem gerðar hafa verið á vegum stofnunarinnar, skal endurskoða eftir því sem tilefni gefast.

10. gr.

Bygðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara. Veiting lána og ábyrgða skal byggjast á umsóknum, nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.

Stjórn Bygðastofnunar ákveður lánakjör stofnunarinnar. Skal í því efni bæði höfð hliðsjón af fjárhagsstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma og tilganginum með lánveitingum hennar.

11. gr.

Því aðeins er Bygðastofnun heimilt að veita óafturkræf framlög að þau séu ætluð til rannsóknna og tilrauna í atvinnumálum sem samrýmast hlutverki stofnunarinnar eða til að koma í veg fyrir neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum.

12. gr.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

13. gr.

Forsætisráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

14. gr.

Byggðastofnun tekur við öllum eignum Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum sjóðsins, við gildistöku laga þessara.

15. gr.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Eignir Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976.
2. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Fjármagnstekjur.

16. gr.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila, þannig að ráðstöfunarfé stofnunarinnar verði a. m. k. 0,5 af hundraði þjóðarframleiðslu.

17. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldprotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Byggðastofnun og skal stofnuninni gert viðvart svo tímanlega að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

18. gr.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé á viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði ef sérstaklega stendur á.

19. gr.

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana.

20. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

21. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Byggðastofnunar.

22. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi III. og VI. kafli laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, og önnur ákvæði þeirra laga sem varða byggðadeild Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóð og verkefni Framkvæmdastofnunar á sviði byggðamála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal stjórn stofnunarinnar kosin í fyrsta sinn með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi eftir samþykkt þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er ákvæði um endurskoðun laga um Framkvæmdastofnun ríkisins. Liður í þeirri endurskoðun var að breyta skyldi lánastefnu Byggðasjóðs í samræmi við upphaflegan tilgang.

Með samkomulagi stjórnarflokkanna frá s. l. hausti var ítrekað að slík endurskoðun skyldi fara fram. Um það er fjallað í þeim hluta samkomulagsins er kveður á um nýsköpun í atvinnulífinu og uppstökkun sjóðakerfisins. Þar segir m. a.: „Sett verði á fót sjálfstæð og öflug byggðastofnun sem stuðli að jafnvægi í byggð landsins.“

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var þann 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstökkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson hrl., Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson, deildarstjóri og síðar framkvæmdastjóri, en hann var ritari nefndarinnar.

Eitt þeirra lagafrumvarpa, er nefndin hefur unnið, er frumvarp það til laga um Byggðastofnun sem hér er lagt fram.

Samkvæmt lagafrumvarpi þessu er Byggðastofnun ætlað að vera sjálfstæð stofnun sem stjórnarsýslulega heyrir undir forsætisráðherra. Stofnunin skal lúta sérstakri stjórn sem skipuð skal sjö mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum.

Að þessu leyti er hér um að ræða breytingu frá núverandi skipulagi en sem kunnugt er er hluta af þeirri starfsemi, sem hinni nýju Byggðastofnun er ætlað að sinna, nú komið fyrir sem deild í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Hlutverk hinnar nýju Byggðastofnunar er samkvæmt frumvarpi þessu að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu með því að koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði án þess að reynt sé að sporna við því. Í samræmi við þetta hlutverk er gert ráð fyrir að stofnunin veiti lán, ábyrgðir eða óafturkræf framlög.

Þá er stofnuninni ætlað að fylgjast náið með þróun byggðar í landinu og gera áætlanir um hvernig treysta megi byggð og atvinnu á þeim stöðum þar sem byggðaröskun væri talin þjóðfélagslega óæskileg.

Frumvarpið kveður á um að hin nýja stofnun taki við Byggðasjóði sem nú starfar skv. lögum nr. 97/1976. Allar eignir og skuldbindinar Byggðasjóðs renna því til hinnar nýju Byggðastofnunar ef af samþykkt lagafrumvarps þessa verður. Þá er gert ráð fyrir því, sbr. 15. gr. frumvarpsins, að stofnunin fái árlega framlag úr ríkisjóði.

Að auki er ráð fyrir því gert að Byggðastofnun geti, innan ramma lánsfjárlaga, tekið lán og endurlánað síðan.

Slík lántaka getur átt sér stað bæði innanlands og utan þó að gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að stofnunin geti tekið lán beint og í eigin nafni eru líkur á að í framkvæmd muni lántökunni hagað þannig að samið verði við aðra innlenda lánastofnun um að annast hina formlegu og tæknilegu hlið slíkrar lántöku. Með því móti mun stofnunin njóta þeirra kosta sem því eru samfara að innlendar endurlánastofnanir leiti sameiginlega eftir erlendri lántöku frekar en einar sér. Eðli Bygðastofnunar er og með þeim hætti að forðast bæri að eyða fjármunum og kröftum í önnur störf en þau er lúta beint að byggðamálum.

Vakin skal athygli á því að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ríkissjóður beri lögbundna ábyrgð á skuldbindingum Bygðastofnunar þó svo að tekið sé fram í lagatextanum að stofnunin sé sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

Innra starfsskipulagi, þar með talið deildaskiptingu, eru ekki settar fastar skordur með lagafrumvarpi þessu. Þess í stað er lagt til að það sé eitt af verkefnum forstjóra að móta innra skipulag stofnunarinnar og leggja hugmyndir þar að lútandi fyrir stjórn hennar til samþykktar.

Með 22. gr. frumvarpsins er forsætisráðherra þó veitt heimild til þess að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipulag Bygðastofnunar. Hugsanlegt er að forsætisráðherra kysi að ákvarða deildaskiptingu stofnunarinnar með reglugerð en andi frumvarpsins er hins vegar sá að það sé lagt í hendur forstjóra og stjórnar að móta starf hennar og stefnu.

Stjórn stofnunarinnar skal árlega setja stofnuninni starfsáætlun og ákveða auk þess hvaða áætlanir skuli unnar í stofnuninni hverju sinni.

Stjórnin skal og sjálf setja reglur um lánskjör á því fé sem stofnunin lánar út, auk þess að hafa ákvörðunarvald um til hvaða verkefna er lánað. Í því felst jafnframt að stjórnin getur veitt heimild til forstjóra þess efnis að lánveitingar upp að vissu marki séu ákveðnar án þess að fyrir liggi samþykki stjórnar.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er stjórn Bygðastofnunar veitt vald til þess að ráða stofnuninni forstjóra eða segja forstjóra upp störfum. Samkvæmt núgildandi lögum um byggðadeild Framkvæmdastofnunar er það hlutverk stjórnar Framkvæmdastofnunar þegar kemur að ráðningu forstjóra eða framkvæmdastjóra deilda að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um slíka ráðningu. Að fengnum slíkum tillögum ræður ríkisstjórnin síðan forstjóra og framkvæmdastjóra. Miðast ráðning þeirra við 12 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest. Í frumvarpi því sem hér ligur fyrir er vald stjórnar stofnunarinnar aukið að þessu leyti. Stjórnin ræður nú sjálf forstjóra og ákvarðar þau launakjör sem í boði eru. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að uppsagnarfrestur forstjóra verði styttri en nú er eða sex mánuðir.

Um verkefni forstjóra er fjallað í 7. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því er það í verkahring forstjóra að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag eins og áður er vikið að, auk þess að leggja fyrir stjórnina tillögur um gerð áætlana sem unnið er að á hennar vegum. Þá er það og í verkahring forstjóra að gera tillögur til stjórnar um lánveitingar.

Um starfsemi Bygðastofnunar er fjallað í II. kafla lagafrumvarps þessa. Samkvæmt 8. gr. skal það vera eitt af hlutverkum stofnunarinnar að fylgjast náið með byggðaðróun í landinu og fjalla jafnframt um áhrif opinberra aðgerða á byggðaðróun. Stjórn Bygðastofnunar skal fjalla um allar byggðaaætlanir sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar. Þær byggðaaætlanir, sem stjórnin hefur samþykkt, skulu sendar forsætisráðherra og er ráð fyrir því gert að hann geri síðan ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir þeim áætlunum.

Í 10. gr. frumvarpsins er tekið fram að lánveitingar eða ábyrgðir Bygðastofnunar skuli byggðar á umsóknum nema verið sé að forðast almennt neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir því að lántakendur, þ. e. einstaklingar, fyrirtæki eða sveitarfélög, eigi framkvæði að því að óska eftir láni frá Bygðastofnun.

III. kafli fjallar um „önnur ákvæði“. Samkvæmt 13. gr. er sú skylda lögð á forsætisráðherra að gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Bygðastofnunar. Er þessu

ákvæði frumvarpsins ætlað að tryggja að sú starfsemi, sem fram fer í Byggðastofnun, komi árlega til umfjöllunar á Alþingi.

Eins og fram hefur komið í athugasemdum þessum er með lagafrumvarpi þessu stefnt að verulegum breytingum á núverandi framkvæmd og skipulagi yfirstjórnar byggðamála. Ótvírætt er að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, munu gera Byggðastofnun allsjálfstæða og skapa um leið möguleika á því að takast megi að gera störf hennar og stefnumótun markviss og árangursrík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun verði sjálfstæð ríkisstofnun og heyri undir forsætisráðherra. Skv. lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir stofnunin undir ríkisstjórnina eða í raun forsætisráðherra sem oddvita hennar. Eðlilegra er að Byggðastofnun heyri beint undir forsætisráðherra. Ekki er gert ráð fyrir því að ríkissjóður ábyrgist sjálfkrafa skuldbindingar Byggðastofnunar, heldur yrði stofnunin að óska eftir ríkisábyrgð fyrir hverri einstakri lántöku ef slíkt þætti nauðsynlegt.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um hlutverk Byggðastofnunar, þ. e. að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmari þróun byggðar í landinu. Með þessu móti er það lagt á vald stjórnar stofnunarinnar að meta hvað telst á hverjum tíma þjóðfélagslega hagkvæm byggðapróun og hvernig ýtt verður undir slíka þróun. Hefur stjórnin allfrjálsar hendur í þessu efni.

Um 3. gr.

Lagt er til að Byggðastofnun fylgist með byggðapróun og geti að eigin frumkvæði gert eða látið gera áætlanir, svo sem fyrir er mælt í greininni. Um þennan þátt í starfsemi stofnunarinnar er nánar fjallað í 8. og 9. gr. frumvarpsins.

Í 2. málsgrein er fjallað um lánveitingar eða annan fjárhagslegan stuðning stofnunarinnar. Greind eru nokkur markmið með slíkum fjárhagsstuðningi, en sú upptalning er þó ekki tæmandi.

Um 4. gr.

Lagt er til að stjórn Byggðastofnunar verði þingkjörin á sama hátt og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn Byggðastofnunar taki allar meiri háttar ákvarðanir í málefnum hennar, þ. á m. taki hún ákvarðanir um veitingu einstakra lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga. Er þetta í samræmi við valdsvið stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Um 6. gr.

Gerð er tillaga um að forstjórar, einn eða fleiri, annist daglega stjórn stofnunarinnar. Heppilegt er talið að stjórn stofnunarinnar á hverjum tíma geti ráðið því hverjir gegni störfum forstjóra og er því lagt til að ráðningin miðist við sex mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

Um 7. gr.

Hér eru greind verkefni forstjóra stofnunarinnar og þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ljóst er að Bygðastofnun verður á hverjum tíma að afla upplýsinga og vinna úr þeim til þess að geta rækt hlutverk sitt. Ætlast er til að stofnunin fylgist náið með þróun byggðar í landinu og hver áhrif lagasetning, fjárveitingar og aðrar opinberrar aðgerðir hafa á hana. Getur stofnunin að eigin frumkvæði gert tillögur til úrbóta á þessu sviði.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um byggðaáætlanir. Gert er ráð fyrir að stofnunin sjálf geti gert slíkar áætlanir, svo sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur gert til þessa, en jafnframt er stjórn stofnunarinnar veitt heimild til þess að fjalla um byggðaáætlanir sem aðrir aðilar hafa gert. Getur stjórnin ákveðið að stofnunin taki þátt í kostnaði við gerð slíkra áætlana.

Ekki er einungis ætlast til að Bygðastofnun geri byggðaáætlanir og fjalli um þær, heldur ber stofnuninni einnig að fylgjast með framkvæmd þeirra. Er það í samræmi við það sem áður hefur komið fram um eftirlit stofnunarinnar með byggðaþróun.

Um 10. gr.

Hér er mælt svo fyrir að veiting lána og ábyrgða skuli að jafnaði byggjast á umsóknum nema í sérstökum undantekningartilvikum sem greind eru í ákvæðinu. Þá er lagt til að stjórn Bygðastofnunar hafi allfrjálsar hendur við ákvörðun á lánakjörum stofnunarinnar. Skal hún að sjálfsögðu hafa hliðsjón af fjárhagsstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma, en einnig er henni veitt heimild til þess að hafa lánakjör mismunandi eftir því hver tilgangur lánveitinga er hverju sinni.

Um 11. gr.

Lagt er til að Bygðastofnun sé heimilt að veita óafturkræfa fjárstyrki, en aðeins í þeim tilvikum sem greind eru í ákvæðinu.

Um 12. gr.

Hér er Bygðastofnun veitt heimild til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja í samræmi við hlutverk sitt skv. 2. grein frumvarpsins. Þessi heimild er byggð á því að stofnunin geti með þessu móti tekið þátt í nýsköpun atvinnulífs og beinni atvinnuuppbyggingu og þar með stuðlað að hagkvæmri byggðaþróun í landinu.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við gildandi lög og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 14. gr.

Gengið er út frá því að Bygðastofnun taki við öllum eignum og skuldbindingum Bygðasjóðs sem þar með verði lagður niður.

Um 15. gr.

Hér er fallið frá viðmiðun laga nr. 97/1976 um hundraðshluta útgjalda fjárlaga, en þess í stað tekinn upp hundraðshluti af þjóðarframleiðslu, sbr. 16. gr.

Um 16. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Bygðastofnun geti tekið lán til starfsemi sinnar, innanlands eða erlendis, í samræmi við lánsfjárlög hverju sinni. Lagt er til að stofnunin geti tekið slíkt lán beint og milliliðalaust telji stjórn hennar slíkt hagkvæmt. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að lántaka fari fram fyrir milligöngu annarra aðila, t. d. Framkvæmdasjóðs eða

Seðlabanka. Sú stefna er mörkuð að stofnunin hafi til ráðstöfunar a. m. k. 0,5 af hundraði þjóðarframleiðslu hverju sinni sem er u. þ. b. 2 af hundraði fjárlaga eins og nú er ákvæðið í lögum.

Um 17. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. málsg. 24. gr., sbr. 33. gr., laga um Framkvæmdastofnun ríkisins og þykir eðlilegt að taka það upp í þessi lög.

Um 18. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. málsg. 15. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 19. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1. málsg. 24. gr., sbr. 33. gr., laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta um þagnarskyldu er í samræmi við slík ákvæði í lögum um banka og aðrar lánastofnanir og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 36. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 22. og 23. grein.

Þarfnast ekki skýringa.